

# TemaNord 2002:518

## Norrænn spurningalisti vegna atvinnutengdra húðsjúkóma – NOSQ-2002.

## Norrænn spurningalisti til rannsókna á orsökum og afleiðingum atvinnutengdra húðsjúkóma á höndum og framhandleggjum

### Samantekt á íslensku

Mari-Ann Flyvholm<sup>1)</sup>, Päivikki Susitaival<sup>2)</sup>, Birgitta Meding<sup>3)</sup>, Lasse Kanerva<sup>4)</sup>, Magnus Lindberg<sup>5)</sup>, Åke Svensson<sup>6)</sup> & Jón Hjaltalin Ólafsson<sup>7)</sup>

- 1) National Institute of Occupational Health, Copenhagen, Denmark.
- 2) Finnish Institute of Occupational Health, Kuopio, Finland.
- 3) Occupational Dermatology, National Institute for Working Life, Stockholm, Sweden.
- 4) Finnish Institute of Occupational Health, Helsinki, Finland.
- 5) Occupational and Environmental Dermatology, Stockholm County Council, Stockholm, Sweden.
- 6) Department of Dermatology, University Hospital, Malmö, Sweden.
- 7) Department of Dermatology, Landspítali, University Hospital, Reykjavik, Iceland.

Húðsjúkdómar eru meðal algengustu atvinnusjúkdóma á Norðurlöndum eins og í öðrum löndum. Atvinnuhúðsjúkdómar á höndum og framhandleggjum eru iðulega langvarandi eða koma aftur og aftur. Bæði efnahagslegt og félagslegt álag getur verið verulegt fyrir einstaklinginn og einnig fyrir samfélagið.

Tilgangur þessa verkefnis var að þróa spurningalista sem mætti nota sem tæki til að rannsaka atvinnutengda húðsjúkdóma og hve mikið einstaklingar eða hópar eru útsettir fyrir mismunandi efnum eða skaðlegum áhrifum umhverfis. Þessi skýrsla og spurningalisti er tekinn saman og saminn af Norrænum samstarfshópi. Skýrslan er miðuð við þá sem hafa áhuga á og / eða starfa við atvinnusjúkdóma og öryggismál tengd atvinnu, einnig heibrigðisyfirvöld, þá sem bera ábyrgð á heilsufari og öryggi á vinnustað og þá sem áhuga hafa á rannsóknum tengdum atvinnusjúkdómum. Verkefnið var að mestu fjármagnað af Norræna Ráðherraráðinu sem einnig birtir skýrsluna.

Staðlaður spurningalisti sem þessi mun gagnast rannsóknum á atvinnutengdum húðsjúkdómum svo og til að koma í veg fyrir húðsjúkdóma á höndum. Hún mun lækka kostnað við kannanir á tíðni

húðsjúkdóma á höndum og einnig lækka kostnað við að fylgjast með árangri aðgerða til úrbóta. Hún mun einnig sjá okkur fyrir upplýsingum um húðsjúkdóma á höndum, og verður þá hægt að bera saman tíðni sjúkdómanna á mismunandi stöðum. Einnig verður hægt að nota þennan lista sem tæki til að fylgjast með því hvort aðgerðir til úrbóta beri tilætlaðan árangur.

Tveir spurningalistar voru hannaðir af þessum hópi “Nordic Occupational Skin Questionnaire (NOSQ) project”. Spurningalistarnir eru byggðir á eldri spurningalistum frá Norðurlöndum þegar við átti en sumir kaflar voru sérhannaðir eins og kaflinn fyrir þinur (urticaria) þar sem einungir örfáir spurningalistar eru til fyrir þann sjúkdóm. “NOSQ-2002/SHORT” er stuttur tilbúinn listi til að kanna og fylgjast með atvinnutengdum húðsjúkdómum á höndum og framhandleggjum. “NOSQ-2002/LONG” er lengri og nákvæmari listi ætlaður til að kanna húðsjúkdóma á höndum og framhandleggjum á vinnustöðum eða í stærri hópum.

Hægt er að sníða spurningarnar eftir þörfum einstakra hópa og er þá notast við leiðbeiningar og ráðleggingar sem gefnar eru í “NOSQ-2002/INFO” hlutanum. Langa listann má nota í fullri lengd eða taka einstakar spurningar eða hluta sem við á þegar sérstakar rannsóknir eru framkvæmdar. Allar spurningarnar í styttri útgáfunni (“NOSQ-2002/SHORT”) eru einnig í lengri útgáfunni (“NOSQ-2002/LONG”).

NOSQ-2002/SHORT og “NOSQ-2002/LONG” spurningalistarnir eru í skýrslunni á ensku, dönsku, sænsku finnsku og íslensku. Þetta verður vistað á Internetinu á eftirfarandi slóð:  
[www.ami.dk/NOSQ](http://www.ami.dk/NOSQ) þar sem listarnir verða öllum aðgengilegir.

“NOSQ-2002” skýrslan inniheldur ritskrá yfir spurningalista og ritverk um aðferðafræði við spurningalista sem máli skipta fyrir rannsóknir húðsjúkdóma. “NOSQ” hópurinn ráðleggur að listinn verði notaður þannig að sjúklingarnir sjálfir skrái exemið/húðsjúkdóminn á höndum og framhandleggjum þegar meta á algengi og nýgengi húðsjúkdóma á þeim stöðum í hópum eða í þjóðfélaginu. Í rannsóknum þar sem kannaður er áræðanleiki spurninga hefur sést að búast má við vanmati á algengi húðsjúkdóma. Hlutur barnaexems sem mikilvægur áhættuþáttur fyrir handaexemi er tekinn til greina í þessu samhengi. Ráðleggingar varðandi þýðingu á spurningalistunum sem fylgja textanum eru byggðar á stöðluðum ráðleggingum um þýðingar. Áhersla er lögð á að prófa spurningalistann á minni hóp þess úrtaks sem síðan á að rannsaka. Þetta er ekki einungis mikilvægt til að sannreyna að þýðingin sé rétt en einnig til að sjá hvort spurningarnar henti viðkomandi hópi eða úrtaki. Þrátt fyrir að oft verði að aðlaga spurningarnar um vinnustaði og kemisk efni að þeim hópi sem rannsaka á, er best að öðrum spurningum um útbrot sé sem minnst breytt frá upphaflega “NOSQ-2002” þar sem um staðlaðar spurningar er að ræða.

Notkun einstakra spurninga og spurningakafla er lýst nákvæmlega og höfundar tilgreindir. Upplýsingar um hönnun spurningalista svo og nöfn og kóðar þeirra eru einnig talin upp til að úrvinnsla og tilvitnanir í “NOSQ-2002” verði auðveldari.

Norræna ráðherranefndin á höfundaréttinn af “NOSQ-2002” spurningalistanum. Ekki þarf að greiða fyrir notkun spurningalistans. “NOSQ-2002” spurningalistinn og núverandi og hugsanlegar nýjar þýðingar hans má ekki selja til notkunar.

Samstarfshópurinn um spurningalista fyrir atvinnutengda húðsjúkdóma væri þakklátur fyrir allar ábendingar til úrbóta. Hægt er að senda ábendingarnar til einhvers í samstarfshópnum eða á þartil gerðum stað á Internet svæði “NOSQ-2002”: [www.ami.dk/NOSQ](http://www.ami.dk/NOSQ).